

Traust á sögulegum grunni

– rannsókn á fréttareglum Ríkisútvarpsins

Birgir Guðmundsson
lektor í fjölmiðlafræði við hug- og
félagsvísindadeild
Háskólans á Akureyri

2. tbl. 5. árg. 2009
Fræðigreinar



Útdráttur

Ríkisútvarpið hefur starfað eftir skrifuðum fréttareglum nánast frá stofnun. Þessar reglur hafa mótað frétttaflutning stofnunarinnar og skapað RÚV ákveðna sérstöðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Fimm reglur hafa verið í gildi frá 1931 og miða elstu þjár fyrst og fremst að því að halda RÚV utan við pólitískar þrætur og illdeilur í samfélaginu, gagnert til að balda frið um stofnunina og búa til „þjóðarútvarp“. Því var lögð ofurábersla á form og óblutdrægni í framsetningu, en innihald og mikilvægi þá frekar látið liggja milli bluta. Með því að ríghalda í formreglur og óblutdrægnisregluna gátu fréttamenn RÚV varist pólitískri ágjöf í samfélagi sem markaðist af flokksátökum. Þessi stefna kostaði þó það að mikilvægum þáttum faglegrar blaðamennsku var ýtt til hliðar, svo sem að RÚV bæri ábyrgð á fréttum sínum, fjallaði um átök, segði frá því sem mikilvægt væri og verndaði heimildarmenn sína ef svo bar undir. Í fjórðu og næstsíðustu fréttareglum RÚV, sem settar eru 1989, er bætt úr þessum ágöllum á sama tíma og ríghaldið er í óblutdrægnisregluna. Þessi breyting var svo staðfest í núgildandi reglum sem eru frá því í maí 2008. Með þessari sögu og hefð hefur RÚV forskot á prentmiðlana á tíma markaðsfjölmiðlunar, sem m.a. skilar sér í miklu trausti á Ríkisútvarpinu.

Nánast frá stofnun Ríkisútvarpsins 1930 hafa fréttir þess lotið skrifuðum reglum, sem hafa mótað fréttastefnu og frásagnarmáta. Þrátt fyrir að reglurnar séu grunnur þess trausts sem Íslendingar virðast bera til Ríkisútvarpsins og frétttaflutnings þess hefur lítið sem ekkert verið um þær fjallað. Hér á eftir verða allar fréttareglur RÚV skoðaðar og hvernig þær mótuðu frétttaflutning sem hlustendur treysta.

Endurtekna kannanir sýna að fréttastofa Ríkisútvarpsins og Ríkisútvarpið sem stofnun njóta áberandi mikils trausts meðal íslensks almennings. Þannig kemur fram í könnun Markaðs- og miðlunarrannsókna (MNR) í október 2009 að Ríkisútvarpið er í þriðja sæti yfir þær stofnanir í samfélaginu sem mest trausts njóta og aðeins lögreglan og Háskóli Íslands skora hærra. Rúm 64% svarenda treysta RÚV „mikið eða mjög mikið“ á meðan aðeins rúm 18% treysta fjölmiðlum almennt „mikið eða mjög mikið“. (MMR 2009a). Þetta mikla traust á RÚV kom einnig fram í eldri könnunum, t.d. hjá MMR, þar sem sérstaklega var spurt um traust á fjölmiðlum. Þar kom í ljós að í maí 2008 sögðust tæplega 78% svarenda bera mikið eða mjög mikið traust til fréttastofu RÚV á meðan tæplega 64% kváðust treysta Mbl.is, sem kom næst á eftir. Einugis 49% sögðust bera mikið eða mjög mikið traust til Fréttastofu Stöðvar 2. Ári síðar, í maí 2009, hafði traust til allra fjölmiðla minnkað nokkuð og eflaust má að einhverju leyti rekja þá þróun til efnahagshrunsins. Engu síður hélt RÚV hlutfallslegri stöðu sinni og vel það. Niðurstaða MMR sýnir að rétt tæp 70% báru mikið eða mjög mikið traust til Fréttastofu RÚV, á meðan Mbl.is var komið niður í rúm 53%. Áberandi er að DV kom illa út úr þessari mælingu og innan við 5% aðspurðra sögðust bera mikið eða mjög mikið traust til blaðsins (MMR 2009b).

Þessi sérstaða RÚV vekur upp spurningar um hvers vegna Íslendingar treysta RÚV frekar en öðrum fjölmiðlum og raunar frekar en fjölmörgum öðrum

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

stofnunum í samfélaginu. Tvær skýringar eru líklegastar. Annars vegar sú að fréttir og fréttastefna RÚV sé einfaldlega trúverðugri og faglegri en hjá öðrum miðlum og því sé traustið áunnið. Hins vegar er það hugsanleg skýring að á seinni árum hefur umræðan um eigendavald færst í aukana og RÚV hefur sjálft haldið þeirri ímynd á lofti að það sé almenningsútlit í eigu þjóðarinnar og beri því ekki sérhagsmuni eigenda fyrir brjósti. Bæði þessi atriði skipta tvímælaust máli fyrir traust til RÚV, en eru þó tæpast nema takmarkaðar skýringar á traustinu. Þannig er t.d. ljóst að eigendaumræðan á fjölmiðlum í þeim búningi sem tíðkast í dag er tiltölulega ný af nálinni og RÚV hafði áunnið sér traust áður en þessi umræða varð hávær. Þess utan hefur umræðan um pólitísk áhrif stjórnmalaflokkanna í útlitarsráði verið viðvarandi hjá RÚV og haft svipuð áhrif og umræðan um eigendavald hjá öðrum miðlum (Guðjón Friðriksson 2000). Eins er óvíst að hægt sé að tala um að fréttaflutningur og efnistöð hjá RÚV hafi verið svo miklu mun faglegri hjá RÚV en hjá öðrum miðlum að það útskýri þessa yfirburðartilrí. Þannig er t.d. ljóst að RÚV hefur ekki sópað að sér viðurkenningum eða tilnefningum umfram aðra miðla frá því að blaðamannaverðlaun voru stofnsett af Blaðamannafélaginu árið 2003 (Blaðamannafélagið). Einnig er athyglisvert að skoða könnun á því hvaða fjölmiðil almenningur telur líklegan til að koma upp um spillingu. Þar skorar DV hæst miðla þótt það blað skori lægst allra í traustskönnun MMR (DV.is 2009).

Fleiri atriði eru því líkleg til að skipta máli en þau sem hér hafa verið nefnd. Hér verða færð rök fyrir því að ólík forsaga og sögulegt samhengi fréttastefnu ýmissa miðla hefur mikil áhrif á tiltrú og traust almennings á fjölmiðlum, jafnvel meiri en fagleg vinnubrögð eða spurningar um eigendavald. Söguleg nálgun er því líkleg til að skila mikilvægum skilningi á þessu trausti og traustinu á fréttastefnu RÚV. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þróun fréttastefnu RÚV og sýnt fram á hvernig sú stefna varð til þess að efla traust á stofnuninni þótt samhliða væri ýtt til hliðar mikilvægum grundvallaratriðum faglegrar blaðamennsku.

Fréttamat

Til eru margar skilgreiningar á frétt eða því hvað sé fréttæmt, en flestar hafa þær eitt og annað sameiginlegt. Þeir þættir sem koma til skoðunar í þessu samhengi eru m.a. að upplýsingarnar feli í sér *eitthvað nýtt* eða séu tengdar tíma (e. timeliness); að þær *tengist þeim* sem fær upplýsingarnar á einhvern hátt (e. proximity); að þær *skipti máli* fyrir þann sem fær þær eða *veki ábuga hans* (e. consequence and impact); það er fréttæmara *ef þekkt fólk eða mikils metið* á í hlut (e. eminence and prominence) og ef um einhver *átök* er að ræða (e. conflict).¹

Þessir þættir geta tengst saman með ólíkum hætti í einstökum fréttum, en reikna má með að þeir endurspeglit í almennri fréttastefnu fjölmiðla, annaðhvort

1 Fjölmarginir hafa skrifað um fréttæmi og faglega fréttamennsku. Flestir byggja þó með einhverjum hætti, eins og hér er gert, á sígildri flokkun Galtung og Ruge (Þorbjörn Broddason 2005; Stovall 2005).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

beint eða þá að tilgreindar eru vinnureglur sem auðvelda eiga blaða- eða fréttamanni að koma frá sér þessum fréttæmu upplýsingum. Fagleg, sjálfstæð og óháð blaðamennska gerir þannig ráð fyrir að fréttir séu sagðar á þann hátt að sanngirn, jafnvægi og nákvæmni sé gætt. Hið almenna viðmið sem t.d. má finna í tilmælum ráðherraráðs Evrópuráðsins frá árinu 2000 hljóðar svo: „frjáls og óhindruð blaðamennska er órjúfanlegur hluti tjáningarfrelsisins og er grundvallarforsenda þess að réttur almennings til að fá upplýsingar um mál sem varða almannahag sé virkur“ (Blaðamaðurinn 2004). Rétt er í þessu sambandi að undirstrika að það er hluti af sjálfri hugmyndinni um sjálfstæða blaðamennsku að almenningur fái upplýsingar sem varða almannahag. Það er með öðrum orðum fyrir hendi kvöð, ef svo má segja, um að frásögnin sé ekki bara í jafnvægi, að hún sé sanngjörn og nákvæm, heldur felst í hugmyndinni að upplýsingum sé komið á framfæri en ekki þagað yfir þeim (Jacquette 2007). Sömu leiðis felst í þessari hugmynd krafa um vandaða heimildanotkun af hálfu blaðamannsins enda er fréttin á ábyrgð blaðamannsins eða fjölmiðilsins, sem vinnur hana samkvæmt bestu getu og í samræmi við faglega staðla. Raunar fjallar áðurnefnd tilskipun Evrópuráðsins um rétt blaðamanna til að greina ekki frá heimildarmönnum, en trúnaðarsamband blaðamanna við heimildarmenn sína er almennt skilgreint sem grundvallaratriði faglegrar blaðamennsku, tjáningarfrelsis og lýðræðis.

Fjórir faglegir þættir

Af öllum þeim atriðum sem snerta faglega blaðamennsku og fréttamat er vert að vekja sérstaka athygli á fjórum í ljósi þeirrar þróunar sem varð á fréttastefnu RÚV á fyrstu árum og áratugum útvarpsins:

1. Bláa- eða fréttamaður (eða fjölmiðillinn) tekur ábyrgð á frétt sinni.
2. Átök – þar með talin pólitísk átök – eru einn af nokkrum helstu ákvörðunarþáttum um fréttæmi.
3. Það er almennt skilgreint sem hluti af faglegri blaðamennsku að upplýsa um fréttæmi fyrirbæri en ekki að láta slíkt liggja milli hluta.
4. Vernd heimildarmanna er talin ein af forsendum þess að hlutlæg og fagleg fréttamennska geti þrífist.²

Undirbúningurinn að og síðan stofnun Ríkisútvarpsins árið 1930 átti sér stað þegar stéttastjórnmal á Íslandi voru að komast í fastmótað horf og átök flokkanna voru mjög hatrömm. Fjölmiðlakerfið var samhliða orðið að nokkuð fastmótaðri framlengingu af flokkakerfinu eftir að hafa gengið í gegnum stutt tímabil „óháðrar fréttamennsku“ 1910-1916 með Vísi Einars Gunnarssonar og Morgunblaði Vilhjálmss Finsen. Bæði þessi blöð gerðust pólitísk upp úr 1916 og urðu að pólitískri framlengingu borgaralegra afla, sem eins konar andsvar við vaxandi skipulagningu

2 Þetta má m.a. sjá í síðaleiðbeiningum Alþjóðablaðamannasambandsins (IJF 1986).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

og tjáningu róttækra verklýðs- og bændahreyfinga. Tilkoma Tímans 1917 og Alþýðublaðsins 1919 og svo Verklýðsblaðsins 1930 fullkomnaði þessa mynd fjórskipts flokksblaðakerfis. Til viðbótar þessum meginblöðum voru svo landshlutablöð flokkanna sem sáu um að matreiða og flytja pólitíska túlkun sinna flokka í nærsamfélaginu. Því má segja að öll fjölmiðlun í landinu í lok þriðja áratugarins hafi verið reyrd í flokkspólitíska fjötra þar sem ekki var gerð raunveruleg tilraun til að greina á milli stjórnmalasjónarmiða og fréttu auk þess sem fréttir voru í raun eins konar hluti af stjórnmaláátökunum sjálfum. Árið 1930 var því ekki einvörðungu stofnár Ríkisútvarpsins, heldur líka ár Jónasar frá Hriflu og stóru bombunnar sem og kreppu og verkalýðsátaka.

Engum duldist að útvarpið var nýjung í fjölmiðlun sem gat skipt sköpum. Ekki síst, og ef til vill betur en flestir, sáu stjórnmalamenn þá ótrúlegu möguleika sem þetta undrataeki gat raungert og smjörþefurinn af þessu hafði fengist með einkaútvarpsstöðvunum Útvarpi hf. sem stofnað hafði verið í Reykjavík og útvarpi Gooks trúboða á Akureyri (Birgir Guðmundsson 2007). Ekki er að efa að meðvitundin um möguleika útvarpsins skipti miklu í þeirri pólitísku ákvörðun stjórnvalda að stofna til Ríkisútvarps og fylgja þar með fordæmi nágrannalandanna – einkum Danmerkur. Hins vegar má velta fyrir sér hvaða hvatir og hvaða hugmyndafræði lá að baki ákvörðun Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra að handvelja Jónas Þorbergsson, ritstjóra Tímans og áður ritstjóra Dags á Akureyri, til að verða útvarpsstjóri. Gunnar Stefánsson bendir á það í bók sinni *Útvarp Reykjavíks* (1997) að greinilega hafi verið að búið að ákveða ráðningu Jónasar þegar staðan var auglýst og nú aðrir umsækjendur, flestir mjög frambærilegir, sóttu um. Eflaust má færa fyrir því rök að vegna pólitískra afskipta hafi verið augljóst að lítill friður yrði um Jónas í starfinu. Vel er hugsanlegt að framsóknarmaðurinn Tryggvi hafi með þessu viljað tryggja sér og sínum flokki aðgang að þessum nýja og mikilvæga fjölmiðli. Raunar er ýmislegt sem bendir til að sumir flokksfélagar Jónasar hafi litið svo á að með þessu ætti útvarpsstjóri, að einhverju leyti í það minnsta, að lúta húsbónda-valdi Framsóknarflokksins. Deilur milli þeirra nafna Jónasar Þorbergssonar og Jónasar Jónssonar frá Hriflu undir lok fjórða áratugarins vegna kommúnista á fréttastofunni bera t.d. vott um slíkt (Gunnar Stefánsson 1997).

Hvort sem einhver stjórnmalaflokkur taldi sig geta náð undirtökunum á hinum nýja miðli eða ekki þá var hitt ljóst að allir stjórnmalaflokkar voru staðráðnir í að láta ekki viðgangast að einn flokkur gæti nýtt sér útvarpið umfram annan. Útvarpið varð þannig undir stöðugu eftirliti og vaktad af öllum stjórnmalaflokkum í því augnamiði að koma í veg fyrir misnotkun. Þetta eftirlit var öflugt og varð-hundar flokkanna í þessum efnum voru ekki síst flokksblöðin, sem voru vakin og sofin yfir því sem sagt var og gert á hinum nýja miðli. Til viðbótar kom síðan útvarpsráðið sem var að hálfu flokkspólitískt eftir 1934 og algerlega eftir 1939 (Guðjón Friðriksson 2000).

„Finnlandísing“

Niðurstaðan varð sú að samhlíða því að flokkarnir gerðu sér grein fyrir því hver um sig að þeir myndu ekki ná undirtökunum á útvarpinu, þá sættu þeir sig ekki við að einhver annar flokkur eða stjórnsmálaafli gerði það heldur. Þetta var jafnframt niðurstaða Jónasar Þorbergssonar – raunar fyrir stofnun Útvarpsins því hann náði að setja mark sitt á lögin og koma þar inn ákvæðum um óhlutdrægni. Jónas kallaði þetta að skapa frið um stofnunina. Þetta hefði einnig mátt kalla „Finnlandísingu“³ Ríkisútvarpsins, því stofnunin ákvað sjálf að fara ekki inn á þau svið fréttanna sem hún taldi „hættusvæði“, svo notað sé sama orðalag og þingfréttaritarninn Helgi Hjörvar gerði árið 1940 (Útvarpstíðindi 1940). Þessi „Finnlandísing“ birtist m.a. í því að hugmyndin um óhlutdrægni eða sanngirni fékk slíkt ofurvægi að hún var formgerð inn í grundvöll fréttastefnunnar á kostnað annarra gilda, sem urðu í raun að víkja. Þau fjögur atriði sem nefnd voru hér að framan sem dæmi um einkenni á faglegru fréttamennsku fengu því sérstaka túlkun og meðhöndlun og voru látin víkja fyrir formlegri áherslu á óhlutdrægni – skilyrðislausri formlegri óhlutdrægni –sem tók ekki mið af efnislegu innihaldi eða mati á mikilvægi eða fréttanæmi. Það var með öðrum orðum ekki endilega víst að RÚV:

1. Vildi bera ábyrgð á öllum sínum fréttum.
2. Teldi það auka fréttagildi að átök ættu sér stað.
3. Teldi sér skylt að segja frá og upplýsa um fréttanæm fyrirbæri.
4. Teldi ástæðu til að vernda heimildarmenn sína.

Óhlutdrægnin var augljóslega það sem Jónas Þorbergsson var hvað stoltastur af á starfsferli sínum sem útvarpsstjóri. Hann nefndi þetta sérstaklega í ræðu á 10 ára afmæli Útvarpsins (Útvarpstíðindi 1941, 175):

Mörgum ykkar er það í fersku minni að ég gekk að þessu starfi beint frá ritstjórn í einhverjum hinum svæsnustu pólitísku flokkadeilum, sem háðar hafa verið í landinu, og átti pólitíska fjandmenn að kalla mátti í öðru hverju húsi. Mér var því eðlilega vantreyst til réttlætis. Það varð því eitt af örðugustu viðfangsefnum mínum, en jafnframt það, sem varð mér ljúfast og kærast, að sigrast á þessari tortryggni fyrrverandi andstæðinga minna. Og ég álit sjálfur, að mér hafi unnist mjög á í því efni.

Aftur nefndi Jónas þetta í útvarpsræðu þegar hann kvaddi hlustendur við starfslok sín 27. janúar 1953. Þetta atriði stendur augljóslega upp úr í huga hans og hefur þegar þarna er komið sögu fengið á sig nánast trúarlegan blæ (Útvarpstíðindi 1953, 8):

³ Afstaða Finna til Sovétríkjanna í kalda stríðinu hefur stundum verið kölluð „Finnlandísing“ og er þá átt við að Finnar urðu að taka tillit til óska og hagsmuna síns volduga nágranna, Sovétríkjanna, í öllum meiriháttar málum til að tryggja sjálfstæði sitt.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Í dag, við brottför, er ég mér þess meðvitandi, að hafi ég unnið nokkurt happaverk í þjónustu Ríkisútvarpsins, þá var það sú tilhlutun mín, að fá tekin inn í 5. gr. útvarpslaganna ákvæðin um það, að við útvarpið skuli ríkja skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum. Vegna þessara ákvæða hefir Ríkisútvarpið getað þjónað sönnu lýðræði. Það hefur getað risið yfir og staðið óháð pólitískri flokkabaráttu. Vegna þessara ákvæða hefur það getað ástundað sannindi og þjónað óhlutdrægni og sönnu réttlæti. Því er almennt krafist, að það virði og verndi í starfi sínu jafnan rétt allra manna. Fyrir því verða þetta mín síðustu varnadarorð og eggjan: Standið fast á verði, Íslendingar, um þessa helgu skyldu, um þennan helga rétt. Góða nótt.

Vissulega er það rétt athugað hjá Jónasi að Ríkisútvarpið náði oftast að stýra hjá skerjagörðum í stórsjóum flokksfjölmiðlunar, m.a. með því að sníða fréttareglur og fréttastefnu að því umhverfi sem fyrir var. Það var gert með því sem hér hefur verið kallað „Finnlandísing“ – þar sem stjórn málaátök voru að mestu tekin út fyrir sviga og fréttir af þeim fjölluðu um form frekar en innihald. Vera má að þetta hafi verið eina leiðin fyrir Útvarpið að ná þroska og tiltrú meðal þjóðarinnar og hafi verið hin farsælasta niðurstaða. Það breytir ekki því að fréttastefnan er augljós gísl flokksblaðamenskunnar og mótuð, ekki síður en flokkblöðin sjálf, af ríkjandi stéttastjórnmalum.

Þetta má sjá í ýmsum formlegu fréttareglum Ríkisútvarpsins sem gilt hafa í gegnum tíðina, en þar er í aðalatriðum um fimm útgáfur að ræða. Sú fyrsta er í raun reglugerð frá 1931 sem sett er á grundvelli útvarpslaganna, þessar reglur eru síðan endurbættar og útvíkkaðar í sérstökum „reglum um flutning innlendra fréttaríkisútvarpsins“, sem Jónas Þorbergsson setur í mars 1945. Þær eru í gildi í 30 ár eða fram til 1. mars 1976 þegar Andrés Björnsson setur nýjar „reglur um fréttافلutning Ríkisútvarpsins“. Næstu fréttareglur eru síðan settar af Markúsi Erni Antonssyni 1. mars 1989. Til viðbótar þeim reglum gaf Bogi Ágústsson, þáverandi yfirmaður fréttasviðs, út ítarlegt skjal sem heitir „leiðbeiningar fyrir starfsfólk fréttastofu Sjónvarps – almennar reglur og vinnuleiðbeiningar“. Þó svo að fram komi í heiti skjalsins að um sé að ræða fréttastofu Sjónvarps eiga reglurnar þó líka í aðalatriðum við um hljóðvarpið. Þessar reglur voru fyrst settar 1990 og síðan endurskoðaðar 1995, en geta þó ekki talist vera eiginlegar fréttareglur. Núgildandi fréttareglur voru settar í maí 2008 af Páli Magnússyni útvarpsstjóra.

Reglugerð frá 1931

Spyrja má hvernig fréttastefnan birtist í hinum formlegu fréttareglum? Skoðum fyrst reglugerðina frá 1931. Þar eru greinileg takmörk sett við umfjöllun og ábyrgð fréttastofunnar. Augljósar almennar reglur eru þar um aðskilnað auglýsinga og fréttar og síðan eru ákvæði um mikilvægustu fréttaregluna, regluna um óhlutdrægni eða að fréttir megi ekki vera „mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum

Stjórnmal og stjórnsýsla veftimarit (fræðigreinar)

umsögnum um einstakar stjórnmalastefnur, stjórnmalaflokka, stefnur í almennum málum eða einstaka menn“. Síðan koma athyglisverðar takmarkanir eða skilyrði sem varða birtingu fréttu af almennum stjórnmalafundum í 3. gr. reglnanna. Það er því skilyrði fyrir birtingu (Útvarpsárbók 1931, 58):

b) Að fundarstjóri riti nafn sitt sem ábyrgðarmaður undir frásögnina. Þó getur fundarstjóri, fundarboðandi, eða að minnsta kosti þeir málsmetandi fundarmenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur og óska að koma fréttum símléiðis, falið einhverjum manni úr miðstjórnnum stjórnmalaflokkanna, að rita nafn sitt undir hana sem ábyrgðarmaður.

Af þessari grein má augljóslega sjá að Ríkisútvarpið hugðist ekki sjálft bera ábyrgð á stjórnmalafréttum sem það flutti og gætu hugsanlega valdið ágreiningi. Ábyrgðarmanna var beinlínis krafist, eins og verið væri að skrifa upp á víxil eða skuldabréf. Ríkisútvarpið gætti þess að vera óbundið og ábyrgðarlaust af þessum fréttum. Þetta kemur enn betur fram í öðrum greinum reglnanna þar sem svigrúmið sem fréttamaður hefur til að segja frá því sem gerist á fundum er mjög takmarkað. Þannig opinberast átakafælnin og áherslan á form í stað innihalds enn frekar í fjórðu grein reglnanna þar sem fram er tekið hvaða atriði það eru sem tilgreina eigi í fréttum af stjórnmalafundum. Þar eru talin upp atriði eins og hver sé fundarboðandi, fundarstjóri, höfuðatriði fundarskapa, fundarsókn- og tími, málshefjandi, ræðumenn, umræðuefni og atkvæðagreiðslur ef einhverjar eru um höfuðtillögur. Það var því ekki á verksviði Ríkisútvarpsins að segja efnislega frá umræðum og draga saman hvað þar gerðist markverðast, enda gæti slíkt þýtt að segja yri frá átökum sem í leiðinni gæti bakað útvarpinu ákveðna ábyrgð á fréttinni, ábyrgð sem það var ekki tilbúið til að axla. Þannig er greinilegt að Ríkisútvarpið vék út af því sem nú myndi flokkast sem fagleg blaðamenska hvað varðaði ábyrgð á eigin fréttum og að meta átök sem frétt næm. Augljóslega gildir sama um seinni tvo þættina sem áður voru nefndir, þ.e. skylduna til að upplýsa almenning og að vernda heimildarmenn. Fréttastofa sem ekki vill taka ábyrgð á umdeildri frétt kemst ekki í þá stöðu að þurfa að vernda heimildarmann og hún taldi jafnframt að oft mætti satt kyrrt liggja, ef með því var hægt að forða ófriði um stofnunina.

Ljóst er að þessi fréttastefna var framkvæmd nokkuð bókstaflega og hafa ýmsir orðið til að vekja athygli á því að pólitískur fréttaflutningur á fyrstu áratugum Ríkisútvarpsins hafi verið frekar þurr og óspennandi (Guðjón Friðriksson 2000). Angi af þessari stefnu kom augljóslega fram í þingfréttum, sem voru mikilvægur þáttur í pólitískum fréttum útvarps, en þessar fréttir voru fluttar á „ábyrgð“ þingforsetanna, sem höfðu hið endanlega ritstjórnarvald. Í svari í Útvarpstíðindum við pistli sem Helgi Hjörvar flutti í útvarp um „hættusvæðin“ í þingfréttamenskunni árið 1940 setti Kristján Friðriksson, ritstjóri Útvarpstíðinda, fram athyglisverða gagnrýni á þingfréttirnar. Kristján gagnrýnir harðlega „skýrslugerðarblæinn“ sem er á fréttunum, endalausar frásagnir af því að fundur hafi verið haldinn og svo og svo mörg mál á dagskrá til annarrar eða þriðju umræðu og svo framvegis. Telur

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Kristján mikilla breytinga þörf á þessu sviði og segir (Útvarpstíðindi 1940, 251): „Lang mestur hluti hlustenda mun nú ekki hlýða á þingfréttir, því sem von er, eru menn orðnir uppgefnir á því að hlusta á frásögn, þar sem „beinagrindaframsetningin“ er svona tilfinnanleg og áberandi.“

Með því að kalla þetta „beinagrindaframsetningu“ er Kristján ugglaust að vísa til þess að allt kjöt vantar í þessar fréttir, ekki er sagt frá því sem frétt næmt er og máli skiptir. Þannig er ljóst að gagnrýni á fréttastefnuna var fyrir hendi strax á fyrstu áratugum Ríkisútvarpsins, gagnrýni þar sem þess var krafist að fréttastofan fengi meira svigrúm til að flytja og meta efnislega hvað væri frétt næmt, en þá um leið – þó það hafi ekki verið orðað með þeim hætti – að hún tæki meiri ábyrgð á pólitískum fréttum sem hún flutti. „Hræðslan við „hættusvæðin“ verður að víkja fyrir kröfunni um það, að þjóðin fái sem best tækifæri til að fylgjast með því, að hverju löggjafastarfið beinist,“ segir Kristján Friðriksson enn fremur í grein sinni (Útvarpstíðindi 1940, bls. 252).

Fréttareglur frá 1945

Hinn 7. mars 1945 gefur Jónas Þorbergsson síðan út nýjar og endurbættar reglur um flutning innlendra fréttu í Ríkisútvarpinu. Fyrri reglugerð má að verulegu leyti líka rekja til Jónasar en í þessum reglum er að finna sömu grundvallaratriði og stundum sömu ákvæði og í eldri reglum. Þannig eru ákvæði sem lúta að stjórnmalastarfsemi nánast þau sömu, en til viðbótar eru komnar reglur um flutning fréttu af slysförum, lögreglu- og dómsmálum, af deilumálum o.fl. Sérstök ástæða er til að skoða fjórðu grein þessara nýju reglna, enda er tónn fréttastefnunnar gefinn eða kannski öllu heldur staðfestur þar með afgerandi hætti (Ríkisútvarpið 1945):

4. gr. Við öflun fréttu útvarpsins gilda þau meginákvæði, að fréttastofan aflar af eigin hvötum fréttu um almenna viðburði, sem ætla má, að hafi fréttagildi fyrir marga. Hins vegar er fréttastofunni eigi skylt að afla af eigin hvötum eða flytja fréttir, sem eru líklegar til þess að valda illdeilum, eða fréttir, sem eru félögum eða einstaklingum til framdráttar eða vegsauka.

Við skráningu fréttu skal þess ávallt gætt, að heimildir fyrir hverri frétt séu sem fyllstar og að þær séu óyggjandi, og skal heimilda jafnan getið, ef ástæða þykir til að ætla, að frétt geti orðið véfengd. Ekki mega fréttaritarar útvarpsins fara með tilgátur eða ágizkanir um atburði eða staðreyndir, og skal fremur skjóta á frest að greina frá atburði eða jafnvel láta frétt falla niður, heldur en eiga það á hættu, að hún verði borin til baka.

Í báðum þessum málsgreinum koma fram mikilvæg einkenni á fréttastefnunni og um leið frávik frá þeim fjórum atriðum sem áður hafa verið tilgreind og nú væru talin hluti af eðlilegri og faglegrri fréttamennsku. Í fyrri málsgreininni er greinilega gefinn afsláttur af því hvort fréttastofan skuli segja fréttir af því sem skipti máli og sömuleiðis eru deilumál og átök frekar tilefni til þess að segja ekki frétt, en að segja

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

fréttina eins og hið almenna viðorf um frétt næmi myndi fela í sér. Í seinni málgreininni er hnykkt á ábyrgðarleysi útvarpsins eða baktryggingu þess gagnvart deilumálum með því að tilgreina að séu upplýsingar vefengdar *skuli* geta heimilda. Eðli málsins samkvæmt er fréttamönnum því bannað að vernda heimildarmenn sína.

Eins og áður segir er reglugerðin frá 1931 tekin upp í heild sinni í kaflanum um stjórn mála- og fundafréttir og styður það enn við fyrri fréttastefnu varðandi þau atriði sem áður hafa verið nefnd. Þá vekur athygli að í reglunum er sérstakur kafli um deilumál. Sá kafli snýst nær allur um að búa svo um hnúta að fréttastofan standi utan við deilur og taki ekki á neinn hátt ábyrgð á því hvernig sagt er frá deilum. Þannig er 13. grein reglnanna í raun leiðbeining í fimm liðum um hvernig fréttastofan getur fjallað um deilumál, s.s. vinnudeilur, án þess að eiga á hættu að verða sökuð um að vera sjálf að meta hvað skipti máli og hvað ekki. Þær reglur snúast í stuttu máli um það að skilgreina deiluaðila og tryggja að formleg gögn eða sjónarmið komi frá báðum aðilum máls. Þá er sanngirnireglunnar eða óhlutdrægninnar gætt til hins ýtrasta, þannig að mikilvægi og erindi málstaðs ólíkra aðila verður að aukaatriði. Í lok kaflans er niðurstaða sem dregur í raun saman andann í greininni í heild. Þar segir (Ríkisútvarpið 1945):

Nú lýkur deilu þannig, að aðiljar gera með sér samning, eða þannig að úrskurður fellur. Birtir þá fréttastofa samninginn eða úrskurðinn í útdrætti, eða heild. Samanburð á því, sem deiluaðiljar kunna að telja sig hafa áunnið, skal ekki gera, nema deiluaðilar séu þeim samanburði samþykkr.

Segja má að þessi ofuráhersla á óhlutdrægnisregluna hafi verið einkennandi fyrir fréttastefnuna frá upphafi eins og iðulega kom fram í hugleiðingum fréttamanna, m.a. hjá nýjum fréttastjóra Jóni Magnússyni í viðtali í Útvarpstíðindum 1942 þegar hann fjallaði um hlutleysisstefnuna gagnvart styrjaldarfréttum. Jóni taldi að að segja bæri frá málstað allra styrjaldarþjóðanna. Samkvæmt sjónarhorninu um formlega óhlutdrægni var það vitaskuld fullkomlega eðlilegur hlutur, ekki síður en að formlegar reglur úr innlendum fréttum kröfðust þess að sagt væri frá öllum sjónarmiðum – nánast óháð fréttagildi.

Í þessu ljósi er áhugavert að skoða ummæli Jónasar Þorbergssonar sem falla í lok stríðsins 1945 og Gunnar Stefánsson vitnar til í bók sinni, en ummælin eru í svarbréfi Jónasar vegna umkvartana frá landsmálafélaginu Verði um „áróðurskenndan erlendan fréttaflutning“ hjá Ríkisútvarpinu (Gunnar Stefánsson 1997, 227):

Nú er það staðreynd, að ádeilur á fréttastofu útvarpsins og ásakanir um áróðurskenndar fréttir hafa vaxið í sömu hlutföllum og viðleitni hennar að greina einnig frá því, er Rússa varðar. Og þar sem engin rök né tilraun til rökstuðnings um áróður og hlutdrægni fréttastofunnar liggur fyrir, verður að álykta, að ádeilurnar séu risnar af þeirri óbeinu og óumtölðu kröfu, einhvers hluta þjóðarinnar, að fréttastofan dyljist alls þess, er gerist með Rússum og gangi þegjandi framhjá málstað þeirra og málf lutningi. Orsakerinnar liggja

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Þannig í meira eða minna ofstækiskennndum pólitískum ágreiningi í landinu, sem fréttastofan lætur sig ekki varða og getur ekki látið ráða fréttavali sínu og frétttaflutningi.

Svo virðist sem þau grundvallarsjónarmið sem fram koma í reglum frá 1945 ráði ferðinni næstu 30 árin í fréttastefnu Ríkisútvarpsins, enda eru þetta þær reglur sem formlega voru í gildi á þessum tíma eftir því sem næst verður komist. Raunar má segja að í síendurteknum athugasemdum flokksfjölmiðla við einstök efnistösk fréttastofu Ríkisútvarpsins í gegnum árin hafi starfsfólk og stjórnendur haft talsverða vörn í því að formi óhlutdrægninnar var jafnan fylgt til hins ýtrasta, sbr. ofangreint svar Jónasar Þorbergssonar um fréttir af Rússum. Óhlutdrægnin var það leiðarhnoða sem stuðst var við og önnur atriði klassískrar blaðamennsku voru frekar látin víkja.

Reglur frá 1976

Þegar komið var fram undir lok sjöunda áratugarins og inn á miðjan áttunda áratatug síðustu aldar hafði umhverfi og aðstæður allar breyst verulega frá því um lok seinna stríðs þegar fyrri reglur voru settar. Mjög hafði slaknað á togstreitu kalda stríðsins, pólitískir straumar frjálrsræðis og breyttrar fjölmiðlunar komu fram. Miklar breytingar voru að verða á landslagi flokksblaðamennskunnar á Íslandi, m.a. með tilkomu Sjónvarpsins 1966 og eins með stofnun óháðs síðdegisblaðs 1975, Dagblaðsins. Það kemur því ekki á óvart að í reglum sem Andrés Björnsson setti árið 1976 mátti finna ýmsar áhugaverðar nýjungar. Um leið og slaknaði á flokksræði dagblaðanna og ferskir straumar nútímalegrar blaðamennsku gerðu vart við sig þar losnaði um þann þrönga stakk sem Ríkisútvarpinu var sniðinn. Eftir sem áður er þó meginviðmið fréttastefnunnar í nýju reglum óhlutdrægni í pólitík og hagsmunum. En strax í annarri grein reglnanna er að finna ákvæði um fréttaskýringar, sem segja má að hafi verið staðfesting á breyttum sjónarmiðum. Þar er kveðið á um aðgreiningu fréttta og fréttaskýringa, og að fréttaskýringar skuli merktar höfundu.

Þetta er viðurkenning á mikilli breytingu því fréttaskýringar eru í eðli sínu túlkun og matreiðsla á upplýsingum, þar á meðal pólitískum upplýsingum sem fréttamaðurinn sjálfur, og þar með fréttastofan, tekur ábyrgð á. Strax í næstu grein reglnanna eru þó ákvæði sem takmarka umfang þeirrar ábyrgðar sem fréttastofan er tilbúin að taka. Þar er um að ræða gamla ákvæðið um að geta skuli heimilda ef líklegt þyki að fréttin verði vefengd. Þar segir raunar beinlínis: „Ríkisútvarpið verður jafnan að vera viðbúið að gera grein fyrir heimildum fréttta.“ Og í sömu grein koma einnig fram ákvæði úr eldri reglum um að fréttastofunni sé ekki skylt að flytja fréttir sem „líklegar séu til að valda illdeilum“ (Ríkisútvarpið 1976).

Í þessum reglum eru ennfremur ákvæði um að fréttastofan flytji efnislegar fréttir af málefnum bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, og fyrri ákvæði um að varlega skuli farið í fréttum af deilumálum eru nú orðin mun almennari og felast í áréttingu um að kynna beri sjónarmið allra aðila deilumála. Þannig má í reglum frá 1976 finna ákveðna þróun frá því að fjalla einvörðungu um form stjórnmalanna og yfir í það að

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

fjalla líka um inntak þeirra – þar eru tekin ákveðin skref út úr „Finnlandíserringunni“. Eigi að síður var haldið eftir í reglunum ákvæðum sem miðuðu að því að halda friðinn um stofnunina, ákvæðum um að unnt yrði að benda á heimildarmenn og eins að Ríkisútvarpið flytti ekki endilega fréttir sem gætu leitt til illinda.

Gera má ráð fyrir að tímabilið frá um 1976 og fram til 1989, þegar næstu formlegu fréttareglur eru settar, hafi ekki síður einkennst af togstreitu milli gamalla og nýrra gilda á fréttastofum RÚV, en á hinum almenna fjölmiðlamarkaði. Þetta er í rauninni sá tími íslenskrar fjölmiðlasögu þegar flokksblaðakerfið er að leysast upp og ný og mun faglegri sjónarmið að ryðja sér til rúms í blaða- og fréttamennsku. Hugmyndir um óháða blaðamennsku eru orðnar mjög ríkjandi og ljósvakafrelsið með afnámi ríkiseinokunar 1985/1986 gjörbreytir vitaskuld stöðunni líka. Þegar flokksblöðin hörfuðu dró jafnframt að talsverðu leyti úr þeim ofurþrýstingi sem verið hafði á RÚV um að viðhalda „Finnlandíseringu“ sinni, þ.e. bókstafstrú á óhlutrægnina á kostnað innihalds. En samhliða gerist það að með breyttum sjónarmíðum jókst þrýstingur á Ríkisútvarpið, bæði innan fréttastofunnar sjálfar og utan úr þjóðfélaginu, um að láta það ekki standa í vegi þess að taka frumkvæði í tilteknu fréttamáli að viðkomandi frétt væri umdeild. Sömuleiðis var ljóst að ákvæði í fréttareglum um að skylt væri að gefa upp heimildarmenn var farið að há fréttamönnum í tilraunum þeirra til að viðhafa breytt vinnubrögð. Trúlega er eitt skýrasta dæmið um þetta yfirlýsing Arnars Páls Haukssonar, þáverandi fréttamanns á fréttastofu hljóðvarps, sem í maí 1989 gaf yfirlýsingu opinberlega og fyrir dómi vegna kröfu um að hann gæfi upp hver væri heimildarmaður hans í hinu svokallaða „áfengiskaupamáli handhafa forsetavalds“, sem var umtalað fréttamál á þeim tíma. Þar neitar Arnar Páll að gefa upp heimildarmann og vísar í siðareglur blaðamanna. Fréttir af málinu höfðu upphaflega verið fluttar meðan gömlu fréttareglurnar voru í gildi, en yfirlýsingin og réttarhöldin koma síðan eftir að fréttareglunum hafði verið breytt 1989. Í yfirlýsingu Arnars Páls segir (Arnar Páll Hauksson 1989):

Mér er kunnugt um að aðrar reglur voru í gildi þegar fréttin var send út. Í þeim segir að Ríkisútvarpið verði jafnan að vera viðbúið því að gera grein fyrir heimildum sínum. Ég lít svo á að þetta ákvæði hafi í raun verið fallið úr gildi og að fréttastofan hafi ekki starfað samkvæmt því. Það hafi verið undirstrikað með nýjum reglum, sem nýlega voru samþykktar og gera ráð fyrir að fréttamaður virði trúnað við heimildarmann.

Þetta dæmi sýnir að jafnvel starfsmenn og stjórnendur útvarpsins voru sjálfir farnir að fara í kringum þessa gömlu arfleifð í fréttareglum til þess að geta mætt kröfum um og ástundað nútímalegri blaðamennsku.⁴

4 Einnig hefur Kári Jónasson, fyrrverandi fréttastjóri útvarps, upplýst að hann hafi áður lent í vandræðum vegna þessarar kröfu um að hann yrði að gefa upp heimildarmann. Það mun í því tilfelli þó ekki hafa verið vegna stjórn málafréttar heldur lögreglufréttar, en fréttastofan leysti málið með því að upplýsa útvarpsstjóra um málið í trúnaði og fá hann þannig til að skrifa upp á þennan víxil gagnvart útvarpsráði (Kári Jónasson 2006).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Það sem þó virðist ekki hafa breyst á þessum umbrotatímum er hefð Ríkisútvarpsins um skilyrðislausa viðurkenningu á mikilvægi óhlutdrægninnar. Vissulega var stöðugt verið að vakta einmitt þetta atriði, bæði í útvarpsráði og í blöðum almennt, og má nefna mál eins og Tangen-málið árið 1987 sem dæmi um slíkt (Guðjón Friðriksson 2000). Engu síður verður á þessu skeiði mikil breyting sem draga má saman á eftirfarandi hátt.

Á tímabilinu milli setningar tvennra fréttareglna, 1976-1989, verður grundvallarbreyting á fréttastefnu Ríkisútvarpsins. Samtímis því að ríghaldið er í rötgróna hefð um óhlutdrægni er sú hefð sveigð til þannig að hún ýtir ekki lengur til hliðar almennum kröfum um faglega fréttamennsku sem nefndar voru í upphafi, nefnilega:

1. Að blaða- eða fréttamaður (eða fjölmiðillinn) tekur ábyrgð á frétt sinni.
2. Að átök – þar með talin pólitísk átök – eru einn af nokkrum helstu ákvörðunarþáttum um frétt næmi.
3. Að það er almennt skilgreint sem hluti af faglegru blaðamennsku að upplýsa um frétt næm fyrirbæri en ekki að láta slíkt liggja milli hluta.
4. Að vernd heimildarmanna er talin ein af forsendum þess að hlutlæg og fagleg fréttamennska geti þrífist.

Í fréttareglunum frá 1989 er þessi sátt milli óhlutdrægniskröfunnar og annarra atriða formlega innsiglið. Þar eru sérstakar greinar um vernd heimildarmanna og ákvæði um frumkvæði fréttastofunnar komin inn í reglurnar samhliða óhlutdrægnisreglunni. (Ríkisútvarpið 1989) Núgildandi reglur, sem settar voru í maí 2008, eru í öllum aðalatriðum samhljóða reglunum frá 1989 hvað varðar fréttastefnuna og að stórum hluta eru ákvæði einstakra greina þau sömu. Núgildandi reglur eru því eðlilegt framhald og staðfesting fyrri reglna, þótt þær séu styttri og markvissari og sleppt hafi verið ítarlegum kafla um hvaða málaflokka fréttastofa RÚV lætur sig varða (Ríkisútvarpið 2008).

Lokaorð

Öfugt við dagblöðin, sem sprottin eru upp úr flokksblaðamennsku, sýna framangreindar fréttareglur að Ríkisútvarpið hefur raunverulega hefð hvað varðar óhlutdrægni, hefð sem vel má segja að hafi verið á kostnað ýmissa annarra þátta faglegrar fréttamennsku. Þessi fréttahefð var hins vegar lengst af hluti af stærra máli, sem var að skapa frið um Ríkisútvarpið, þjóðarútvarpið. Óhætt er að segja það verkefni hafi tekist og yfirgnæfandi meirihluti landsmanna hafi talið útvarpið raunverulega þjóðareign. Jafnvel þótt tilkoma nýrra ljósvakamiðla og þar með samkeppni hafi haft mikil áhrif á fréttastefnu Ríkisútvarpsins felast þau áhrif fyrst og fremst í því að óhlutdrægnishefðin var sveigð að öðrum mikilvægum grundvallaratriðum fréttamennskunnar. Þessari hefð var hins vegar á engan hátt ýtt til hliðar að öðru leyti, síður en svo.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftimarit (fræðigreinar)

Með því að standa algerlega utan við pólitískar væringar á tímum flokksfjölmiðlunar og kerfisbundið að halda friðinn um RÚV og forðast illdeilur og átök með tilheyrandi faglegum fórnum náði Ríkisútvarpið forskoti í tiltrú almennings. Slík tiltrú byggðist sumpart á þeirri mótsögn að fréttáflutningur sem ekki varð umdeildur fékk á sig ásýnd ábyrgra fréttu, jafnvel þótt í formlegum fréttareglum væri ábyrgð kerfisbundið vísað annað. En þetta forskot nýttist RÚV vel þegar tók stjórnmalaflokkar minnkuðu almennt í samfélaginu og flokkstengsl prentmiðlanna urðu dragbítur á almennt traust á þeim. Þetta forskot – þetta traust sem byggðist á sögulegum grunni – hefur RÚV síðan nýtt sér á tímabili markaðsfjölmiðlunar með góðum árangri eins og mælingar á trausti sína. Á sama hátt má ætla að hið gagnstæða gildi um prentmiðlana og ýmsar fjölmiðlagáttir sem tengjast þeim. Þeir hafa búið við minna traust, m.a. vegna flokksfortíðar dagblaðamarkaðarins, þrátt fyrir að markaðsfjölmiðlun hafi leyst flokksfjölmiðlunina af hólmi. Þar er fyrir hendi minning um hefð pólitískra sérhagsmuna, illdeilna og átaka, sem lifir enn með þjóðinni. Sú hefð var aldrei fyrir hendi hjá Ríkisútvarpinu.

Heimildaskrá

- Arnar Páll Hauksson (1989). „Yfirlýsing“. Minnisblað úr einkasafni Arnars Páls Haukssonar.
- Birgir Guðmundsson (2007). „Fyrsta sjónvarp á Íslandi“, í Hermann Óskarsson (ritstj.), *Afmælisrit Háskólans á Akureyri 2007*. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.
- Blaðamannafélagið (án árs). „Blaðamannaverðlaun.“ Sótt 5. nóvember 2009 á slóðina <http://press.is/page/bladamannaverdlaun/>.
- DV.is (2009). „DV kemur upp um spillingu“, 19. júní. Sótt 20. júní 2009 á slóðina <http://www.dv.is/frettir/2009/6/19/dv-kemur-upp-um-spillingu/>.
- Guðjón Friðriksson (2000). *Nýjustu fréttir! Fjölmiðlasaga Íslands frá upphafi til vorra tíma* Reykjavík, Iðunn
- Gunnar Stefánsson (1997). *Útvarp Reykjavíkur. Saga Ríkisútvarpsins 1930-1960*. Reykjavík, Sögufélag.
- IFJ (1986). „IFJ Declaration of Principles on the Conduct of Journalists.“ Sótt 3. nóvember 2009 á slóðina: http://ethicnet.uta.fi/international/declaration_of_principles_on_the_conduct_of_journalists.
- Kári Jónasson (2006). „Um heimildarmenn og fréttareglur.“ Munnleg heimild, 20. október 2006.
- Jacquette, D. (2007). *Journalistic ethics:moral responsibility in the media*. New Jersey Pearson, Prentice Hall.
- Markaðs- og miðlunarrannsóknir (2009a). „Fréttatilkynning – könnun MMR á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins.“ Sótt 6. október 2009 á slóðina http://mmr.is/files/0909_tilkynning_trauststofn.pdf.
- Markaðs- og miðlunarrannsóknir (2009b). „Fréttatilkynning – könnun MMR á trausti almennings til helstu sjónvarps-, prent- og netfréttamiðla.“ Sótt 20. september 2009 á slóðina http://www.mmr.is/files/0909_tilkynning_traustfjmidlar.pdf.
- Ríkisútvarpið (1931). „Reglur um fréttáflutning Ríkisútvarpsins.“ *Útvarpsárbók 1931*.

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- Ríkisútvarpið (1945). „Reglur um flutning innlendra fréttaríkisútvarpsins.“
- Ríkisútvarpið (1976). „Reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins.“
- Ríkisútvarpið (1989). „Reglur um frétttaflutning Ríkisútvarpsins.“ *Bládamáðurinn* 4 (2004).
- Ríkisútvarpið (1995). „Leiðbeiningar fyrir starfsfólk fréttastofu Sjónvarps – almennar reglur og vinnuleiðbeiningar.“ í *Bládamáðurinn* 4 (2004).
- Ríkisútvarpið (2008). „Reglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu.“ Sótt á vef RÚV 30. nóvember 2009 á slóðina
http://ruv.is/servlet/file/Reglur%20um%20fr%C3%83%C2%A9ttir%20og%20fr%C3%83%C2%A9ttatengt%20efni.pdf?ITEM_ENT_ID=203954&COLLSPEC_ENT_ID=32.
- Stovall, J.G. (2005). *Journalism, Who, What, When, Where, Why and How*. Boston, Pearson Education.
- Útvarpstíðindi* (1940). „Flutningur þingfréttanna. Helgi Hjörvar og hættusvæðin“, 5. febrúar (2. árg.).
- Útvarpstíðindi* (1941). „Ræða Jónasar Þorbergssonar útvarpsstjóra á tíu ára afmæli útvarpsins“, 6. janúar (3. árg., 6).
- Útvarpstíðindi* (1953). „Jónas Þorbergsson lætur af embætti“ (2. árg., 1. tbl.).
- Þorbjörn Broddason (2005). *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.